



FUNDARGERÐ

251. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði mánudaginn 25. febrúar 2019 kl. 12:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Jón Steinar Garðarsson Mýrdal, Björg Björnsdóttir og Páll Breiðfjörð Pálsson framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Ársreikningur HEF 2018 og endurskoðunarskýrsla – umræður og undirskrift ársreiknings
2. Ísland ljóstengt

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. a) Endurskoðunarskýrsla HEF 2018

Lagt fram á fundinum: Endurskoðunarskýrsla 2018 Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. dags. 25. febrúar 2019.

Magnús Jónsson frá KPMG sat fundinn undir þessum lið.

Magnús fór yfir og kynnti endurskoðunarskýrslu HEF ehf. 2018.

b) Undirritun ársreiknings

Lagt fram á fundinum: Ársreikningur HEF ehf. 2018.

Magnús Jónsson frá KPMG sat fundinn undir þessum lið.

Magnús fór yfir þær minniháttar breytingar sem gerðar hafa verið á reikningum frá því drög voru lögð fram á síðasta fundi.

Stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. leggur til að ekki verður greiddur arður til hluthafa 2019 vegna rekstrarársins 2018, en vísar að öðru leiti til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningi.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Helstu tölur úr ársreikningi 2017 og 2018:

	2018	2017
Rekstrartekjur	410.871.182	400.913.190
Rekstrargjöld	186.766.598	160.512.317
Rekstrarhagnaður (-tap) (EBITDA)	224.104.584	240.400.873
Afskriftir	83.335.092	79.635.262
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	140.769.492	160.765.611
Hrein fjármagnsgjöld	72.655.183	49.384.866
Hagnaður fyrir tekjuskatt	68.114.309	107.903.298
Hagnaður ársins	60.890.919	97.263.167
Eigið fé og skuldir samtals	2.038.739.120	1.988.596.546
Langtímaskuldir	1.071.837.647	1.091.448.889
Eiginfjárhlutfall	40%	38%

Ársreikningur 2018 borinn upp og staðfestur með undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra.

Magnús yfirgaf fundinn kl 12:55.

Framkvæmdastjóra falið að undirbúa aðalfund fimmtudaginn 21. mars kl. 17:00.

2. Ísland ljóstengt 2019

Framkvæmdastjóri fór yfir tekjuáætlun og kostnað HEF varðandi ljóstengingu í dreifbýli á Fljótsdalshéraði.

Einnig var lagt fram svar Fjarskiptasjóðs við umsókn Fljótsdalshéraðs um styrk til verkefnisins.

Næsti fundur verður föstudaginn 1. mars kl. 13:00 í fundarsal HEF í Fellabæ.

Fundargerðin samþykkt og fundi slitið kl. 14:00 .

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.